

# Endurskoðun kirkjustofnana árið 1996



RÍKISENDURSKOÐUN  
Október 1997



## Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
<b>2.</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>9</b>
<b>3.</b>	<b>ALMENNT</b> .....	<b>11</b>
<b>4.</b>	<b>FJÁRLÖG 1996</b> .....	<b>13</b>
<b>5.</b>	<b>BISKUPSSTOFA</b> .....	<b>15</b>
5.1	SKRIFSTOFA BISKUPSEMBÆTTISINS.....	15
5.2	FJÓLSKYLDUÞJÓNUSTA KIRKJUNNAR.....	16
5.3	SÖNGMÁLASTJÓRI ÞJÓÐKIRKJUNNAR.....	17
<b>6</b>	<b>SJÓÐIR KIRKJUNNAR</b> .....	<b>19</b>
6.1	KRISTNISJÓÐUR.....	21
6.2	JÖFNUNARSJÓÐUR SÓKNA .....	23
6.3	KIRKJUMÁLASJÓÐUR.....	25
6.4	PRESTSSETRASJÓÐUR.....	27
6.5	KIRKJUBYGGINGASJÓÐUR .....	28
6.6	KIRKJUGARÐASJÓÐUR.....	29
6.7	HINN ALMENNI KIRKJUSJÓÐUR .....	30
6.8	ÝMSIR SJÓÐIR BISKUPSSTOFU .....	31



20. október 1997

## Til kirkjuþings

Í samráði við biskup hr. Ólaf Skúlason hefur verið ákveðið að Ríkisendurskoðun geri kirkjuþingi grein fyrir vinnu sinni vegna fjárhagsendurskoðunar með sérstakri skýrslu til kirkjuþings.

Skýrslan sem hér birtist er unnin með sama hætti og endurskoðunar-skýrsla sem Ríkisendurskoðun sendir Alþingi vegna ríkisreiknings. Í skýrslunni er fjallað um ársreikninga eftirtalinnna embætta og sjóða:

- ◆ Skrifstofu biskupsembættis
- ◆ Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
- ◆ Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar
- ◆ Sjóða kirkjunnar
  - Kristnisjóð
  - Jöfnunarsjóð sókna
  - Kirkjumálasjóð
  - Prestssetrasjóð
  - Kirkjubyggingasjóð
  - Kirkjugarðasjóð
  - Hinn almenna kirkjusjóð
  - Ýmsa sjóði biskupsstofu

Ríkisendurskoðun vill geta þess að umtalsverð breyting til hins betra hefur á síðustu árum átt sér stað í fjárvörslu og bókhaldsmálum hjá embætti biskups og sjóða sem tengjast þjóðkirkju. Stofnunin gerði minniháttar athugasemdir við endurskoðun ársreikninga fyrir árið 1996.

---

Sigurður Þórðarson  
ríkisendurskoðandi

---

Sveinn Arason  
skrifstofustjóri



## 1. Inngangur

Á kirkjuþingi haustið 1996 voru fjármál kirkjunnar til umræðu í samræmi við venjur, lög og reglur kirkjuþings. Hins vegar hefur ekki tókast að kirkjuþingi hafi verið gerð grein fyrir þeirri endurskoðun sem framkvæmd hefur verið hjá einstökum kirkjustofnunum. Á kirkjuþingi urðu allmiklar umræður um þetta fyrirkomulag og beðið var um að endurskoðunarskýrsla sem gerð hafði verið um fjármál kirkjunnar yrði lögð fyrir kirkjuþing. Orðið var við þeirri beiðni og lagði hr. Ólafur Skúlason biskup fram endurskoðunarskýrslu þá sem um var beðið.

Almennt gildir um endurskoðunarskýrslur Ríkisendurskoðunar um einstakar ríkisstofnanir að þær eru sendar viðkomandi stofnun og því ráðuneyti sem hún heyrir undir. Þessar skýrslur hafa ekki verið birtar opinberlega af Ríkisendurskoðun og hefur það verið lagt í vald viðkomandi ríkisstofnunar og ráðuneytis hvort og þá hvernig efni endurskoðunarskýrslu er birt. Ríkisendurskoðun hefur hins vegar árlega frá og með árinu 1987 tekið saman heildarskýrslu um endurskoðun ríkisreiknings og lagt hana fyrir Alþingi.

Rétt er að benda á að ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, um að veita upplýsingar og leggja fram umbeðin gögn gilda um kirkjuna og kirkjustofnanir nema önnur lög og trúnaðarskyldur kveði á um annað.

Í kjölfar umræðu á kirkjuþingi 1996 varð um það samkomulag milli ríkisendurskoðanda og biskups að árlega yrði tekin saman skýrsla um endurskoðun kirkjustofnana fyrir liðið fjárhagsár og hún lögð fyrir kirkjuþing sem haldið er árlega að hausti.

Ríkisendurskoðun mun í þessari skýrslu gera grein fyrir afkomu og fjárhagsstöðu einstakra kirkjustofnana og þeirri endurskoðun sem framkvæmd hefur verið. Ríkisendurskoðun vill taka fram að líkt og á sér stað almennt um ríkið og ríkisstofnanir að hún hefur ekki tók á að framkvæma ítarlega endurskoðun hjá hverri kirkjustofnun árlega. Ennfremur skal tekið fram að vegna árunna 1994 og 1995 var kerfisbundið farið yfir allar kirkjustofnanirnar þannig að fyrir árið 1996 er ekki framkvæmd jafn ítarleg endurskoðun og var tvö fyrrnefndu árin.





## 2. Niðurstöður

Umfangsmikil endurskoðun á kirkjustofnunum var framkvæmd fyrir árin 1994 og 1995. Var í þeim skýrslum fundið að ýmsum atriðum og mælst til að úrbætur yrðu gerðar. Á árinu 1996 hefur skipulega verið unnið því að hrinda í framkvæmd þeim ábendingum sem gerðar hafa verið. Af þessum sökum hefur Ríkisendurskoðun ekki talið ástæðu til að leggja í jafn mikla vinnu við endurskoðun kirkjustofnana árið 1996 og fyrri ár. Endurskoðun fyrir árið 1996 hefur því fyrst og fremst beinst að því að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar í ársreikningum séu án verulegra annmarka.

Fjárveiting til embættis biskups og kirkjulegra málefna var á árinu 1996 525.700 þúsundir króna. Embættinu var gert að taka á sig halla sem varð á liðnu ári sem að teknu tilliti til millifærslna á heimildum leiddu til þess að fjárheimildir ársins urðu samtals 513.129 þúsundir króna. Greiðslur úr ríkissjóði námu 517.662 þúsundum króna. Þannig að halli á greiðslugrunni varð 4.533 þúsundir króna. Rekstrarniðurstöður á rekstrargrunni urðu hins vegar 528.187 þúsundir króna.

Á árinu 1996 var ráðinn sérstakur fjármálastjóri til embættisins. Að mati Ríkisendurskoðunar hefur sú ákvörðun verið rétt og ekki verður annað séð en að þau mál séu nú í góðu lagi.

Ríkisendurskoðun telur að full ástæða sé til að fastsetja reglur um verksvið embættis Söngmálastjóra og tónlistarfræðslu á vegum embættisins þar sem lög um embættið voru felld niður þegar kostnaðarskylda var flutt á Kirkjumálasjóð.

Á liðnum árum hefur verið töluvert um millifærslur fjármuna milli sjóða kirkjunnar. Ríkisendurskoðun hefur gagnrýnt þessar millifærslur. Þó að þeim hafi fækkað verulega á liðnu ári er enn nokkuð um slíkar færslur á árinu 1996.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í febrúar 1996 var lagt til að sjóðum kirkjunnar yrði fækkað í þrjá. Var í því sambandi talið að slík fækkun myndi leiða til einföldunar og auka hagkvæmni og skilvirkni í starfsemi þeirra.

Starfshópur sem skipaður var af dóms- og kirkjumálaráðherra skilaði skýrslu um fjármál og skipulag biskupsstofu og sjóða kirkjunnar í maí 1997. Starfshópurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ganga megi enn lengra í fækkun sjóða eða í einn sjóð auk Kirkjugarðasjóðs.

Kristnisjóður og Jöfnunarsjóður sókna greiða nú sem fyrr laun kirkjuráðs. Lögum samkvæmt á Kirkjumálasjóður að standa undir kostnaði við kirkjuráðið og er athugasemd þess efnis áréttuð.

Samkvæmt gögnum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er Kristnisjóður talinn bera ábyrgð á lífeyrisskuldbindingu eins starfsmanns Hins íslenska biblíufélags að fjárhæð 1,6 milljónir króna. Þar sem vafi leikur á réttmæti þessarar skuldbindingar hjá Kristnisjóði þá er hún ekki færð upp í reikningum sjóðsins heldur er hennar getið í skýringum. Samkomulag um þetta fyrirkomulag launa sem reyndar hefur staðið í um sjö ár er gagnrýnt af hálfu Ríkisendurskoðunar og telur hún það óeðlilegt.

Við endurskoðun hjá Jöfnunarsjóði sókna kom fram að á árinu 1996 eru færðir til gjalda nokkrir styrkir sem samþykkt hafði verið að veita á fyrri árum en þeir ekki bókaðir í viðeigandi fundargerð. Sama á við um aukaúthlutun á árinu 1996. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að allar úthlutningar séu færðar til bókar með skipulegum hætti þannig að upplýsa megi á hverjum tíma hversu miklar skuldbindingar sjóðurinn hefur tekið á sig.

Samkvæmt samþykktri áætlun kirkjuráðs um rekstur Kirkjumálasjóðs á árinu 1996 þá er hún afgreidd með 2.930 þúsunda króna halla. Að mati Ríkisendurskoðunar er sú afgreiðsla ekki í samræmi við það grundvallatriði að ráðstafa ekki meiru en aflað er. Bent er á að meðan fjármunum Kirkjumálasjóðs er

ráðstafað til annarra verkefna skv. 6. tl. 4. gr. er hluti lögbundins kostnaðar við kirkjuráð færður á aðra sjóði.

### 3. Almennt

Lög um kirkjuþing og kirkjuráð hinna íslensku þjóðkirkju eru frá árinu 1982, nr. 48. Kirkjuþing fjallar um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar að eigin frumkvæði og leysir úr þeim málum sem til þingsins er vísað af biskupi, kirkjuráði, Alþingi og kirkjumálaráðherra.

Kirkjuþing skal að jafnaði haldið í október ár hvert og stendur í allt að tíu dögum. Á kirkjuþingi eiga sæti 20 kjörmir þingfulltrúar. Kirkjuþing og kirkjuráð vinna að því að efla íslenska kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar í þjóðlífinu.

Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyrir undir svið löggjafarvaldsins eða sæta úrskurði forseta Íslands.

Kirkjuþing hefur rétt til að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisiði, skírn, fermingar, veitingu sakramenta og önnur slík.

Kirkjuþingi er þannig ekki með beinum hætti ætlað að fjalla um fjármál þjóðkirkjunnar. Hins vegar er í sérlögum um einstakar kirkjustofnanir iðulega gert ráð fyrir að stjórnir þeirra beri ábyrgð fyrir kirkjuráði og eða kirkjuþingi og fyrir kemur að ákvarðanir sjóðstjórna öðlist ekki gildi fyrr en með samþykki kirkjuþings.

Kirkjuráði er ætlað mun víðtækara hlutverk í fjármálum kirkjunnar en kirkjuþingi. Þannig fer kirkjuráð með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þ.á.m. verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því, og erinda sem vísað er til þess af hálfu kirkjuþings, biskups, Alþingis, kirkjumálaráðherra, héraðsfunda sóknarnefnda eða starfsmanna sókna eða þjóðkirkjunnar. Samkvæmt lögunum er kirkjuráði ætlað að undirbúa af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur til fjárveitinga til kirkjunnar á fjárlögum og leita af því tilefni tillagna frá kirkjuþingi og aðilum sem fjalla um fjármál kirkjunnar. Kirkjuráði er ætlað að ráðstafa öðru því fé sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi. Í framkvæmd hefur biskupsstofa annast gerð fjárlagatillagna en kirkjuráð fjallað um fjárhagsáætlanir Kristnisjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna.

Líkja má kirkjuþingi við löggjafarþing hjá hinu veraldlega valdi og kirkjuráði sem æðsta framkvæmdarvaldi kirkjunnar líkt og æðsta framkvæmdavalds ríkisins. Þannig er ekki óeðlilegt að kirkjuþingi sé gerð grein fyrir fjármálum þjóðkirkjunnar og eftirliti með ráðstöfun fjármuna sem til hennar renna.

Ný lög hafa verið sett um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997. Lögin taka gildi 1. janúar 1998 en 31. desember 1998 falla úr gildi lög um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar, nr. 48/1982. Í 23. gr. nýju laganna er sagt að stjórnvöld þjóðkirkjunnar og stofnana hennar beri ábyrgð gagnvart kirkjuþingi og að kirkjuþing skuli sjá til þess að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða hljóti fullnægjandi endurskoðun.



## 4. Fjárlög 1996

Samkvæmt A-hluta fjárlaga er á fjárlagalið 06-701, Biskup Íslands, gerð grein fyrir þeim fjárveitingum sem ætlað er til þeirra kirkjulegra málefna sem ekki byggja á sérstökum tekjustofni. Í B-hluta fjárlaga er gerð grein fyrir tekjum og gjöldum þriggja sjóða kirkjunnar sem ýmist hafa tekjur af eigin starfsemi, framlögum frá ríkinu eða sérstakan tekjustofn. Ekki liggur fyrir skýring á því hvers vegna einungis þessir þrjú sjóðir eru tilgreindir í fjárlögum en aðrir ekki.

Fjárveiting til embættis biskups nam á fjárlögum 1996 samtals 525.700 þúsundum króna. Samkvæmt ríkisreikningi urðu fjárheimildir samtals 513.129 þúsundir króna. Greiðslur úr ríkissjóði námu 517.662 þúsundum króna þannig að halli á greiðslugrunni nam 4.533 þúsundum króna. Samkvæmt ársreikningi embættisins nam rekstrarniðurstaða á rekstrargrunni samtals 528.187 þúsundum króna.

Ástæður þess að fjárheimildir eru lægri en fjárlög skýrast að meginhluta til með því að embættinu er ætlað að bera þann halla er varð á fyrra ári eða árum.



## 5. Biskupsstofa

### 5.1 Skrifstofa biskupsembættisins

Fjárhæðir í þús.kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Fjárheimild 1996
<i>Almennur rekstur:</i>			
101 Yfirstjórn.....	46.562	47.299	26.329
111 Víglubiskup Skálholti .....	4.690	780	3.749
113 Víglubiskup Hólum.....	4.308	140	3.600
115 Kirkjumiðstöð Austurlands .....	1.500	1.600	1.500
116 Langamýri í Skagafirði.....	1.493	0	1.500
121 Prestar og prófastar .....	419.804	382.990	426.535
131 Kristnisjóður.....	29.500	21.000	29.587
191 Skálholtsstaður .....	6.100	6.100	6.100
Samtals	513.957	459.909	498.900
<i>Stofnkostnaður:</i>			
621 Skálholtsstaður .....	6.500	6.500	6.500
622 Hallgrímskirkja.....	4.729	11.771	4.729
623 Hóladómkirkja.....	3.000	3.000	3.000
624 Snorrastofa .....	0	2.000	0
Samtals	14.229	23.271	14.229
Viðfangsefni samtals .....	528.187	483.180	513.129

Biskupsstofa annast fjárreiður fyrir einstakar kirkjustofnanir og veitir þessum stofnunum einnig bókhaldsþjónustu. Á liðnum árum hafa verið gerðar athugasemdir við fjárráðstafanir biskupsstofu og bókhald og bókhaldsþjónustu hennar. Ákveðið var að setja á stofn embætti fjármálastjóra er skyldi stýra þessum málum þannig að glögg yfirsýn fengist um fjárstreymi og fjárhagsstöðu kirkjustofnana og að hægt væri að fá yfirlit með reglubundnum hætti.

Fjármálastjóri hefur verið ráðinn og við athugun á bókhaldi og fjárreiðum verður ekki annað séð en að þau mál séu í góðu lagi. Vissulega tekur nokkurn tíma að laga fyrirkomulag að þeim þörfum og kröfum sem gerðar eru og er sífellt verið að bæta úr þeim agnúum sem komið hafa í ljós á árinu 1996.

Rekstur þeirra verkefna sem falla undir fjárlagalið Biskups Íslands var á árinu 1996 með svipuðum hætti og árið áður og var ekki lögð áhersla á að skoða rekstur þessa fjárlagaliðar að þessu sinni.

## 5.2 Fjölskylduþjónusta kirkjunnar

## Rekstrarreikningur 1996

Fjárhæðir í þús.kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög .....	11.018.962	6.771.013	4.247.949
Aðrar tekjur .....	851.050	716.259	134.791
Tekjur alls	<u>11.870.012</u>	<u>7.487.272</u>	<u>4.382.740</u>
Gjöld:			
Launagjöld .....	7.159.562	6.019.604	1.139.958
Önnur rekstrargjöld .....	2.939.119	3.763.889	-824.770
Afskriftir .....	222.940	561.062	-338.122
Framlög .....	0	38.000	-38.000
Gjöld alls	<u>10.321.621</u>	<u>10.382.555</u>	<u>-60.934</u>
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	1.548.391	-2.895.283	4.443.674
Fjármagnshreyfingar.....	-27.690	-80.439	52.749
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	<u>1.520.701</u>	<u>2.975.722</u>	<u>-1.455.021</u>

## Efnahagsreikningur 31.12.1996

Fjárhæðir í þús.kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir .....	4.650.610	3.095.978	1.554.632
Fastafjármunir .....	235.523	380.098	-144.575
Eignir samtals	<u>4.886.133</u>	<u>3.476.076</u>	<u>1.410.057</u>
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	309.453	490.400	-180.947
Langtímaskuldir.....	0	0	0
Skuldir samtals	<u>309.453</u>	<u>490.400</u>	<u>-180.947</u>
Eigið fé.....	4.576.680	2.985.676	1.591.004
Skuldir og eigið fé samtals .....	<u>4.886.133</u>	<u>3.476.076</u>	<u>1.410.057</u>

Ríkisendurskoðun hefur ekki endurskoðað ársreikning fjölskylduþjónustu kirkjunnar fyrir árið 1996. Fjölskylduþjónustan hefur kjörna endurskoðendur.



### 5.3 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

#### Rekstrarreikningur 1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög .....	17.899.996	15.027.561	2.872.435
Aðrar tekjur .....	2.238.804	1.857.713	381.091
Tekjur alls	<u>20.138.800</u>	<u>16.885.469</u>	<u>3.253.331</u>
Gjöld:			
Launagjöld .....	12.401.512	12.167.709	233.803
Önnur rekstrargjöld .....	8.224.244	5.162.856	3.061.388
Afskriftir .....	0	0	0
Framlög .....	24.000	0	24.000
Gjöld alls	<u>20.649.756</u>	<u>17.330.565</u>	<u>3.319.191</u>
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	-510.956	-445.096	-65.860
Fjármagnshreyfingar.....	21.926	-23.828	45.754
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	<u>-489.030</u>	<u>-468.924</u>	<u>-20.106</u>

#### Efnahagsreikningur 31.12.1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir .....	1.501.551	1.196.080	305.471
Fastafjármunir .....	0	0	0
Eignir samtals	<u>1.501.551</u>	<u>1.196.080</u>	<u>305.471</u>
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir .....	2.857.120	2.062.619	794.501
Langtímaskuldir .....	0	0	0
Skuldir samtals	<u>2.857.120</u>	<u>2.062.619</u>	<u>794.501</u>
Eigið fé .....	-1.355.569	-866.539	489.030
Skuldir og eigið fé samtals .....	<u>1.501.551</u>	<u>1.196.080</u>	<u>305.471</u>

Samkvæmt lögum um Kirkjumálasjóð er honum ætlað að standa undir kostnaði við söngmálastjórn og tónlistarfræðslu á vegum þjóðkirkjunnar. Í lögnum er ekki nánar fjallað um verksvið söngmálastjóra eða tónlistarfræðslu.

Að mati Ríkisendurskoðunar er full ástæða til að fastsetja nánari reglur um verksvið embættisins og tónlistarfræðslu á þess vegum.

Kirkjumálaráð samþykkti á fjárhagsáætlun að verja 15.700 þúsundum króna til þessa verkefnis.



## 6 Sjóðir kirkjunnar

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framlög og greiðslur úr ríkissjóði til þjóðkirkjunnar frá því í febrúar 1996 sem birt var á síðasta kirkjuþingi var ítarlega fjallað um sjóði í vörslu þjóðkirkjunnar, fjárvörslu og bókhald. Ekki er ástæða til að rekja efni þeirrar skýrslu en árétta má nokkur atriði.

Bent var á að á liðnum árum hafi bókhald og fjárvarsla sjóðanna ekki verið sem skyldi og töluvert væri um millifærslur milli sjóða. Bent var á að sökum anna skrifstofustjóra Biskupsstofu væri bókhaldi ekki nægjanlega vel sinnt. Lagt var til að fjármálastjóri yrði ráðinn sem tæki við stjórn fjármála á biskupsstofu og hefði umsjón með bókhaldi. Ástæður þessa voru m.a. þær að á biskupsstofu er veitt greiðslu- og bókhaldsþjónusta fyrir nær alla sjóði á vegum þjóðkirkjunnar auk fjárumkýslu biskupsembættisins.

Þessari ábendingu var vel tekið og hefur fjármálastjóri verið ráðinn. Við endurskoðun vegna ársins 1996 hefur að mati Ríkisendurskoðunar tekist verulega að bæta úr þeim ágöllum sem að hefur verið fundið á liðnum árum. Ljóst er að úr ýmsum atriðum má enn bæta og hefur Ríkisendurskoðun verið upplýst um að á árinu 1997 sé enn haldið áfram í að hrinda í framkvæmd ábendingum liðinna ára. Ríkisendurskoðun er sátt við þróun þessara mála.

Í nefndri skýrslu var fundið að fjölda sjóða kirkjunnar fyrir utan hina staðfestu sjóði. Bent var á millifærslur og einnig það að framlögum og kostnaði væri ekki alltaf skipað á þann sjóð sem lögum samkvæmt ætti að bera hann. Til að einfalda þessi mál var lagt til að sjóðum yrði fækkað og skyldir sjóðir sameinaðir. Þannig var lagt til að sjóðirnir yrðu einungis þrír, þ.e.

Kirkjumálasjóður  
Prestssetrasjóður og  
einn styrkja og lánasjóður.

Ríkisendurskoðun er enn þeirrar skoðunar að skynsamlegt sé að fækka sjóðunum en til þess þarf lagabreytingu.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði í september 1996 starfshóp til að fjalla um ýmsa þætti er lúta að fjármálum íslensku þjóðkirkjunnar. Starfshópurinn skilaði skýrslu í maí 1997. Í þeirri skýrslu er gengið enn lengra en ábending Ríkisendurskoðunar náði og lagt til að einungis einn sjóður yrði til, Kirkjusjóður. Ekki er minnst á Kirkjugarðasjóð í tillögu um sameiningu sjóðanna þannig að álykta má að honum sé ætlað að starfa áfram.

Ríkisendurskoðun ætlar ekki að fjalla frekar um skýrsluna eða tillögurnar en þar koma víða fram svipuð sjónarmið og hún hefur haldið uppi með það markmið í huga að gera starfsemi kirkjunnar hagkvæmari, ódýrari og skilvirkari.

Þar sem veruleg vinna var lögð í endurskoðun sjóða og embætta kirkjunnar fyrir árin 1994 og 1995 var ákveðið að leggja ekki jafnmikla vinnu í endurskoðun fyrir árið 1996 og fyrri ár. Þetta var m.a. gert þar sem vitað var að á árinu 1996 og reyndar á árinu 1997 hefur verið unnið að lagfæringum og úrbótum í kjölfar fyrri endurskoðunarskýrslna.

Endurskoðunin miðaðist fyrst og fremst við það að staðfesta að ársreikningar sjóðanna gæfu glögga mynd af afkomu ársins 1996 og stöðu þeirra í lok ársins ásamt breytingu á handbæru fé árinu 1996.

Við þessa endurskoðun var beitt þeim endurskoðunaraðferðum sem almennt eru notaðar og er þá m.a. beitt úrtakskönnunum og athugun gagna sem miða að því að staðfesta þær fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningum sjóðanna.

Hér á eftir verður greint frá helstu lykiltölum í ársreikningum sjóðanna og þeim athugasemdum sem fram komu við endurskoðunina og ástæða er að vekja athygli á.

## 6.1 Kristnisjóður

### Rekstrarreikningur 1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög .....	29.507.000	21.000.000	8.507.000
Aðrar tekjur .....	12.928.710	21.747.834	-8.819.124
Tekjur alls	42.428.710	42.747.834	-319.124
Gjöld:			
Launagjöld .....	2.928.220	1.060.667	1.867.553
Önnur rekstrargjöld .....	23.490.749	4.114.943	19.375.806
Afskriftir .....	2.645.642	2.401.825	243.817
Framlög .....	1.399.967	12.701.150	-11.301.183
Gjöld alls	30.464.578	20.278.585	10.185.993
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	11.964.132	22.469.249	-10.505.117
Fjármagnshreyfingar.....	-3.399.173	-3.370.249	-28.924
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	8.564.959	19.099.000	-10.534.041

### Efnahagsreikningur 31.12.1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir .....	24.922.682	17.115.673	7.807.009
Fastafjármunir .....	137.504.416	141.404.257	-3.899.841
Eignir samtals	161.627.098	158.519.930	3.107.168
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir .....	10.601.379	14.201.332	-3.599.953
Langtímaskuldir .....	43.340.535	47.252.770	-3.912.235
Skuldir samtals	53.941.914	61.454.102	-7.512.188
Eigið fé .....	107.685.184	97.065.828	10.619.356
Skuldir og eigið fé samtals .....	161.627.098	158.519.930	3.107.168

Bent er á að laun og annar rekstrarkostnaður eykst umtalsvert milli ára. Ástæða hækkunarinnar er annars vegar sú að greiðslur vegna fastanefnda hafa verið færðar sem styrkir eða tilfærslur á fyrri árum en á árinu 1996 eru greiðslurnar færðar á viðeigandi tegundir. Hins vegar skýrist hækkunin með því að nefndum hefur fjölgað nokkuð á árinu.

Kristnisjóður greiðir sem fyrr þriðjung af launum kirkjuráðs en Kirkjumálasjóði ber að standa undir þeim útgjöldum. Kirkjuráð fellst á þessa athugasemd en bendir á að Kirkjumálasjóður hafi ekki bolmagn til að standa undir þessum greiðslum.

Samkvæmt gögnum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er Kristnisjóður talinn bera ábyrgð á skuldbindingu að fjárhæð 1,6 milljónir króna í árslok 1996. Þessi skuldbinding er ekki færð upp í reikningum sjóðsins þar sem vafi er talinn leika á ábyrgð hans. Skuldbindingarinnar er getið í skýringum með ársreikningnum.

Forsendur þessarar skuldbindingar má rekja til upphafs þessa áratugar er samkomulag varð um að laun eins starfsmanns Hins íslenska biblíufélags yrðu færð gegnum Kristnisjóð þar sem Hið íslenska biblíufélag er ekki viðurkennt sem opinber aðili. Starfsmaður þessi var opinber starfsmaður og óskaði hann eftir að greiða áfram í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Því var ákveðið í samráði við kirkjumálaráðuneytið að greiða laun mannsins gegnum Kristnisjóð en endurkrefja Hið íslenska biblíufélag um útlagðan launakostnað. Ríkisendurskoðunin gagnrýnir þetta samkomulag og telur það óeðlilegt.

## 6.2 Jöfnunarsjóður sókna

### Rekstrarreikningur 1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög .....	0	0	0
Aðrar tekjur .....	151.652.379	146.398.181	5.254.198
Tekjur alls	151.652.379	146.398.181	5.254.198
Gjöld:			
Launagjöld .....	1.691.400	1.638.053	53.347
Önnur rekstrargjöld .....	2.001.633	1.500.861	500.772
Afskriftir .....	0	0	0
Framlög .....	141.910.000	148.800.000	-6.890.000
Gjöld alls	145.603.033	151.938.914	-6.335.881
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	6.049.346	-5.540.733	11.590.079
Fjármagnshreyfingar.....	545.678	667.387	-121.709
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	6.595.024	-4.873.346	11.468.370

### Efnahagsreikningur 31.12.1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir .....	16.889.486	17.455.739	-566.253
Fastafjármunir .....	0	0	0
Eignir samtals	16.889.486	17.455.739	-566.253
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir .....	23.317.054	30.251.203	-6.934.149
Langtímaskuldir .....	0	0	0
Skuldir samtals	23.317.054	30.251.203	-6.934.149
Eigið fé .....	-6.427.568	-12.795.464	6.367.896
Skuldir og eigið fé samtals .....	16.889.486	17.455.739	-566.253

Í endurskoðunarskýrslu fyrir árið 1995 var fundið að því að Jöfnunarsjóður sókna greiðir 2/3 hluta launa kirkjuráðs en lögum samkvæmt ber Kirkjumálasjóði að greiða kostnað við kirkjuráð. Sami háttur er hafður árið 1996 og stendur sjóðurinn undir 2/3 hluta launa kirkjuráðs.

Stjórn Jöfnunarsjóðs sókna hefur tekið undir þetta sjónarmið en vísað til þess að fjárhagsstaða Kirkjumálasjóðs sé erfið og hann hafi ekki bolmagn til að standa undir þessum kostnaði.

Ríkisendurskoðun áréttar athugasemd sína og bendir á að fjárhagsstaða Jöfnunarsjóðs sókna er afar erfið og í árslok 1996 er eigið fé sjóðsins neikvætt um 6.427,8 þúsundir króna.

Fram kom við endurskoðun að á árinu 1996 eru gjaldfærðir nokkrir styrkir samtals að fjárhæð 5.800 þúsundir króna sem sjóðstjórn hafði úthlutað á fyrri árum en úthlutunin ekki færð til bókar í viðeigandi fundargerð. Þá úthlutaði sjóðstjórn á úthlutunarfundi sínum 16.000 þúsundum króna til Skálholtsstaðar og síðar á árinu úthlutaði hún 5.000 þúsundum króna til viðbótar ásamt 3.500 þúsundum króna til Skálholtsskóla. Þessar aukaúthlutanir voru ekki færðar til bókar en sjóðstjórn hefur staðfest þær.

Ríkisendurskoðun vill í þessu sambandi mælast til þess að bókun úthlutana í fundargerðabækur verði bætt en það er afar mikilvægt til þess að hægt sé að upplýsa á hverjum tíma hversu miklar skuldbindingar sjóðurinn hefur samþykkt.



### 6.3 Kirkjumálasjóður

#### Rekstrarreikningur 1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög .....	1.200.000	0	1.200.000
Aðrar tekjur .....	92.661.912	89.421.591	324.321
Tekjur alls	93.861.912	89.421.591	4.440.321
Gjöld:			
Launagjöld .....	10.016.566	5.821.916	4.194.650
Önnur rekstrargjöld .....	12.933.243	10.726.042	2.207.201
Afskriftir .....	580.809	566.420	14.389
Framlög .....	77.396.032	75.124.055	2.271.977
Gjöld alls	100.926.650	92.238.433	8.688.217
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	-7.064.738	-2.816.842	-4.247.896
Fjármagnshreyfingar.....	-404.902	-617.412	212.510
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	-7.469.640	-3.434.254	-4.035.386

#### Efnahagsreikningur 31.12.1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir .....	7.973.305	8.038.205	-64.900
Fastafjármunir .....	27.498.486	27.513.979	-15.493
Eignir samtals	35.471.791	35.552.184	-80.393
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir .....	19.166.468	9.475.309	9.691.159
Langtímaskuldir .....	972.236	3.694.452	-2.722.216
Skuldir samtals	20.138.704	13.169.761	6.968.943
Eigið fé .....	15.333.087	22.382.423	-7.049.336
Skuldir og eigið fé samtals .....	35.471.791	35.552.184	-80.393

Á árinu 1996 er breytt um uppgjörsaðferð hjá Kirkjumálasjóði. Þannig er í uppgjöri ársins 1996 einungis tilgreint framlag til embættis Söngmálastjóra en ekki kostnaður þess. Sérstakt uppgjör er síðan samið fyrir embætti Söngmálastjóra. Á árinu 1995 var uppgjör sjóðsins samstæða hins eiginlega sjóðs og embættis Söngmálastjóra.

Vakin er athygli á hallarekstri Kirkjumálasjóðs en á síðustu tveimur árum nemur uppsafnaður halli 10.903,9 þúsundum króna. Bent er á að umsvif sjóðsins eigi að miðast við þær tekjur sem til hans renna.

Áætlun um umsvif sjóðsins á árinu 1996 sem samþykkt var af kirkjuráði á árinu 1995 var með 2.930 þúsunda króna halla. Að mati Ríkisendurskoðunar er sú afgreiðsla ekki í samræmi við það grundvallaratriði að ráðstafa ekki meiru en aflað er.

Þar sem tekjur sjóðsins eru vel markaðar í lögum og svigrúm til tekjuöflunar lítið verður að líta til þess kostnaðar sem greiddur er af sjóðnum þegar hugað er að aðgerðum til úrlausnar. Er þá einkum bent á kostnað við verkefni sem ekki eru með beinum hætti tilgreind í 4. grein laga um sjóðinn.

Er í þessu sambandi vísað til framlaga til annarra verkefna en upp eru talin í 1.- 5. tl. 4. gr. eins og til safnaðaruppbyggingar, Biblíufélagsins vegna biblíuþýðinga og framlags til Löngumýrar. Án þess að Ríkisendurskoðun sé að leggja mat á mikilvægi einstakra verkefna er það mat hennar að ekki sé hægt að ráðstafa meiru til annarra verkefna skv. 6. tl. 4. gr. en til er eftir að úthlutað hefur verið til verkefna skv. 1. - 5. tl.

Þá má benda á að á sama tíma og fjármunum er ráðstafað til ýmissa verkefna þá er lögbundinn kostnaður við kirkjuráð, þ.e. laun kirkjuráðs, ekki allur færður hjá sjóðnum eins og vera ber heldur hjá Jöfnunarsjóði sókna og Kristnisjóði.

#### 6.4 Prestssetrasjóður

##### Rekstrarreikningur 1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög .....	55.320.849	53.844.906	1.475.943
Aðrar tekjur .....	9.818.758	7.491.932	2.326.826
Tekjur alls	<u>65.139.607</u>	<u>61.336.838</u>	<u>3.802.769</u>
Gjöld:			
Launagjöld .....	4.912.531	5.706.695	-794.164
Önnur rekstrargjöld .....	51.021.009	49.264.825	1.756.184
Afskriftir .....	1.516.811	556.233	960.578
Framlög .....	0	0	0
Gjöld alls	<u>57.450.351</u>	<u>55.527.753</u>	<u>1.922.598</u>
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	7.689.256	5.809.085	1.880.171
Fjármagnshreyfingar.....	-2.679.689	-1.802.221	-877.468
Tekjuafgangur (-halli) af reglulegri starfsemi	5.004.627	4.006.864	997.763
Nettótekjur (-gjöld) af óreglulegri starfsemi.....	10.049.997	15.500.000	-5.450.003
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	<u>15.054.624</u>	<u>19.506.864</u>	<u>-4.452.240</u>

##### Efnahagsreikningur 31.12.1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir .....	17.693.807	12.512.202	5.181.605
Fastafjármunir .....	84.765.469	71.057.272	13.708.197
Eignir samtals	<u>102.459.276</u>	<u>83.569.474</u>	<u>18.889.802</u>
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	37.631.263	28.896.635	8.734.628
Langtímaskuldir.....	15.392.218	20.992.002	-5.599.784
Skuldir samtals	<u>53.023.481</u>	<u>49.888.637</u>	<u>3.134.844</u>
Eigið fé.....	49.435.795	33.680.837	15.754.958
Skuldir og eigið fé samtals .....	<u>102.459.276</u>	<u>83.569.474</u>	<u>18.889.802</u>

Á árinu 1996 var breytt um reikningsskilaaðferð hvað varðar meðferð varanlegra rekstrarfjármuna sjóðsins. Breytingin felst í því að varanlegir rekstrarfjármunir eru nú eignfærðir og afskrifaðir en voru áður gjaldfærðir á kaup- eða byggingarári.

Vakin er athygli á skuldastöðu sjóðsins og bent á að draga verði úr kostnaði ef rétta á við stöðu sjóðsins þar sem möguleikar hans til að afla meiri tekna eru ekki miklir.

**6.5 Kirkjubyggingasjóður****Rekstrarreikningur 1996**

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög .....	0	0	0
Aðrar tekjur .....	0	0	0
Tekjur alls	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Gjöld:			
Launagjöld .....	53.490	28.605	24.885
Önnur rekstrargjöld .....	620.077	862.961	-242.884
Afskriftir .....	0	0	0
Framlög .....	0	0	0
Gjöld alls	<u>673.567</u>	<u>891.566</u>	<u>-217.999</u>
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	-673.567	-891.566	217.999
Fjármagnshreyfingar.....	<u>8.349.626</u>	<u>6.233.043</u>	<u>2.116.583</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	<u><u>7.676.059</u></u>	<u><u>5.341.477</u></u>	<u><u>2.334.582</u></u>

**Efnahagsreikningur 31.12.1996**

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir .....	22.241.385	20.830.682	1.410.703
Fastafjármunir .....	74.639.854	66.535.003	8.104.851
Eignir samtals	<u>96.881.239</u>	<u>87.365.685</u>	<u>9.515.554</u>
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	124.750	131.446	-6.696
Langtímaskuldir.....	0	0	0
Skuldir samtals	<u>124.750</u>	<u>131.446</u>	<u>-6.696</u>
Eigið fé.....	<u>96.756.489</u>	<u>87.234.239</u>	<u>9.522.250</u>
Skuldir og eigið fé samtals .....	<u><u>96.881.239</u></u>	<u><u>87.365.685</u></u>	<u><u>9.515.554</u></u>

Vakin er athygli á að reglugerð um sjóðinn skv. 8. grein laga um sjóðinn, nr. 21/1981, hefur ekki verið sett. Reglugerðin á m.a. að fjalla um starfsemi sjóðsins og starfshætti sjóðstjórnar, vexti af lánum og önnur lánskjör. Að mati Ríkisendurskoðunar er rétt að bætt verði úr þessu atriði.

## 6.6 Kirkjugarðasjóður

### Rekstrarreikningur 1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög .....	0	0	0
Aðrar tekjur .....	33.126.328	30.543.378	2.582.950
Tekjur alls	<u>33.126.328</u>	<u>30.543.378</u>	<u>2.582.950</u>
Gjöld:			
Launagjöld .....	3.006.038	2.625.336	380.702
Önnur rekstrargjöld .....	5.734.266	6.340.207	-605.941
Afskriftir .....	415.666	422.390	-6.724
Framlög .....	41.556.076	30.811.783	10.774.293
Gjöld alls	<u>50.712.046</u>	<u>40.199.716</u>	<u>10.512.330</u>
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	-17.585.718	-9.656.338	-7.929.380
Fjármagnshreyfingar.....	6.220.231	4.626.759	1.593.472
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	<u>-11.365.487</u>	<u>-5.029.579</u>	<u>-6.335.908</u>

### Efnahagsreikningur 31.12.1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir .....	37.294.354	39.080.075	-1.785.721
Fastafjármunir .....	34.640.916	44.590.805	-9.949.889
Eignir samtals	<u>71.935.270</u>	<u>83.670.880</u>	<u>-11.735.610</u>
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir .....	1.248.616	3.217.107	-1.968.491
Langtímaskuldir .....	0	0	0
Skuldir samtals	<u>1.248.616</u>	<u>3.217.107</u>	<u>-1.968.491</u>
Eigið fé .....	70.686.654	80.453.773	-9.767.119
Skuldir og eigið fé samtals .....	<u>71.935.270</u>	<u>83.670.880</u>	<u>-11.735.610</u>

Við endurskoðun er bent á nokkur atriði.

Vakin er athygli á skuld Skálholtsstaðar og Skálholtsbúða en þeim var á árunum 1993 og 1994 veitt lán til skamms tíma úr sjóðnum. Lánin höfðu ekki verið endurgreidd í árslok 1996 en á skuldina eru reiknaðir vextir. Bent er á að Kirkjumiðstöð Austurlands var veitt vaxtalaust lán á árinu 1994 sem endurgreiddast átti á sex árum. Afborganir áranna 1995 og 1996 eru ógreiddar. Úr þessu þarf að bæta.

## 6.7 Hinn almenni kirkjusjóður

## Rekstrarreikningur 1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög .....	0	0	0
Aðrar tekjur .....	346.907	9	346.898
Tekjur alls	<u>346.907</u>	<u>9</u>	<u>346.898</u>
Gjöld:			
Launagjöld .....	1.003.503	667.274	336.229
Önnur rekstrargjöld .....	977.971	1.105.740	-127.769
Afskriftir .....	0	0	0
Framlög .....	0	329.000	-329.000
Gjöld alls	<u>1.981.474</u>	<u>2.102.014</u>	<u>-120.540</u>
Tekjuafgangur (-hali) án fjármagnshreyfinga	-1.634.567	-2.102.005	467.438
Fjármagnshreyfingar.....	<u>2.194.856</u>	<u>2.641.709</u>	<u>-446.853</u>
Tekjuafgangur (tekjuhali)	<u>560.289</u>	<u>539.704</u>	<u>20.585</u>

## Efnahagsreikningur 31.12.1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir .....	6.941.600	7.608.616	-667.016
Fastafjármunir .....	17.244.488	27.066.008	9.821.520
Eignir samtals	<u>24.186.088</u>	<u>34.674.624</u>	<u>-10.488.536</u>
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	16.479.317	27.528.142	-11.048.825
Langtímaskuldir.....	0	0	0
Skuldir samtals	<u>16.479.317</u>	<u>27.528.142</u>	<u>-11.048.825</u>
Eigið fé.....	<u>7.706.771</u>	<u>7.146.482</u>	<u>560.289</u>
Skuldir og eigið fé samtals .....	<u>24.186.088</u>	<u>34.674.624</u>	<u>-10.488.536</u>

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í febrúar 1996 var bent á að einungis ein kirkja leggur sjóðnum til fé, þ.e. Strandarkirkja, og að ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum sé einnig einungis til þessarar sömu kirkju. Fyrir nokkrum árum var öðrum kirkjum en Strandarkirkju greidd út inneign þeirra í sjóðnum. Í skýrslunni var bent á að þar sem sjóðurinn gegni ekki lengur hlutverki sínu sé eðlilegt að hann verði lagður niður. Þetta er áréttað nú.

## 6.8 Ýmsir sjóðir biskupsstofu

### Rekstrarreikningur 1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög .....	0	0	0
Aðrar tekjur .....	0	2.000	-2.000
Tekjur alls	0	2.000	-2.000
Gjöld:			
Launagjöld .....	0	0	0
Önnur rekstrargjöld .....	0	2.215	-2.215
Afskriftir .....	0	0	0
Framlög .....	227.783	27.000	200.783
Gjöld alls	227.783	29.215	198.568
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	-227.783	-27.215	-200.568
Fjármagnshreyfingar.....	4.492.717	4.452.788	39.929
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	4.264.934	4.425.573	-160.639

### Efnahagsreikningur 31.12.1996

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir .....	9.257.473	8.262.058	995.415
Fastafjármunir .....	53.704.090	49.821.773	3.882.317
Eignir samtals	62.961.563	58.083.831	4.877.732
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir .....	755.202	775.159	-19.957
Langtímaskuldir .....	0	0	0
Skuldir samtals	755.202	775.159	-19.957
Eigið fé .....	62.206.361	57.308.672	4.897.689
Skuldir og eigið fé samtals .....	62.961.563	58.083.831	4.877.732

Ársreikningur ýmissa sjóða biskupsstofu tekur yfir safn staðfesta sjóða sem eru í vörslu Biskupsstofu. Fyrir hvern sjóð er staðfest skipulagsskrá sem hefur að geyma upplýsingar um tilurð sjóðsins, til hvers hann var stofnaður og hvernig tekjum skuli ráðstafað. Þessir sjóðir hafa hver um sig kjörna endurskoðendur en Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með því að ráðstöfun tekna og úthlutanir séu í samræmi við skipulagsskrá.

Af rekstrarreikningi má ráða að úthlutanir á árinu 1996 hafa verið frekar lágar eða einungis um 5% af tekjum ársins. Eðlilegt er að þeirri spurningu sé velt upp hvernig hægt sé að nýta þessa sjóði betur í samræmi við markmið þeirra.